

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu samkvæmt erfðaskránni vera þeir Gizur Bergsteins-son, hæstaréttardómari, Nesvegi 6, og Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Reyni-mel 28. Varamenn þeirra skulu vera þeir Karl Lúðvíksson, apótekari, Háteigsvegi 1, og Lúðvík Gizurarson, hæstaréttarlögmaður, Hávallagötu 5.

Nú hefur fé sjóðsins ekki verið ráðstafað samkvæmt ákvæðum 4. gr. er menn þessir falla frá og skal þá stjórn sjóðsins falin landlækni og presti þeim, er þjónar Bessastaðakirkju.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórnendur hans telja öruggan og skulu reikningar sjóðsins gerðir árlega og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hans í B-eild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 12. desember 1962.

Gizur Bergsteinsson. Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Eftirtalдар vörur falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vörutegund:
11	2	Hálfsgíttimjöl.
20	5	Aldinsulta og aldinhlauþ (gelé).
	6	Aldinmalk (marmelade).
	9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
49	12—15	Gólfábreiður, gólfmottur og dreglar úr hör, hampi, jútu og öðrum juraspunaefnum, ót. a.
59	5	Vegg- og góflögur úr leir.
	7	Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir úr leir og hlutar til þeirra.
	8	Blómsturpottar, óskreyttir, svo og vatnsskálar og vatnsbrúsar á mið-stöðvarofna.
77	3	Sjónaukar alls konar.
79	9, 14	Grammófónar, hljóðritar (fónógrafar) og hlutar til þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. desember 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.